



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um útboð á framleiðslu máltíða

Á fundi velferðarráðs þann 4. mars 2026 var lögð fram svohljóðandi trúnaðarmerkt tillaga sviðsstjóra, dags. 2. mars 2026, um útboð á framleiðslu máltíða:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að hefja útboðsferli á kaupum á um 1000 máltíðum, þ.e. um 400 skömmtum af hraðkældum pökkuðum mat til heimsendingar og um 600 heitum máltíðum á dag til íbúa í þjónustuíbúðum og gesta félagsmiðstöðva velferðarsviðs á meðan á endurbótum á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi stendur. Gert er ráð fyrir samningi við þriðja aðila í 22 mánuði. Áætlað er að heildarkostnaður samnings verði um 1.485 m.kr. Þar af eru 742 m.kr. ekki innan fjárheimilda. Sú upphæð dreifist með þeim hætti innan samningstímans að 338 m.kr. eru vegna 10 mánaða á árinu 2026, 335 m.kr. vegna ársins 2027 og 67 m.kr. vegna fyrstu tveggja mánaða ársins 2028.

Jafnframt er lagt til að fyrri samþykkt velferðarráðs um heimild til að ganga til samninga við Krydd og Kavíar, til 24 mánaða, frá 10. febrúar 2026 verði afturkölluð.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkar velferðarráðs leggja áherslu á að áður en ákvörðun var tekin um gerð samnings um framleiðslu máltíða hafi verið leitað allra raunhæfra lausna til að tryggja áframhaldandi matarþjónustu innan ramma starfseminnar. Í kjölfar lokunar á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi og með hliðsjón af kröfum um matvælaöryggi fyrir viðkvæma hópa liggur nú fyrir að ekki verður hjá því komist að gera tímabundinn samning um framleiðslu máltíða á meðan á framkvæmdum stendur. Samstarfsflokkarnir telja nauðsynlegt að tryggja örugga, samfellda og faglega matarþjónustu fyrir íbúa þjónustuíbúða og gesti félagsmiðstöðva, og að brugðist sé hratt við þeirri stöðu sem upp er komin. Gerð samningsins er því nauðsynleg til að tryggja velferð og öryggi þeirra sem borða mat frá borginni á meðan unnið er að framkvæmdum vegna flutnings framleiðslueldhússins innan Vitatorgs. Ljóst er að kostnaður rúmast ekki innan ramma velferðarsviðs og því verður unnið að því að leita leiða til að fjármagna aukinn kostnað þannig að unnt sé að bjóða áfram upp á máltíðapjónusta.

Tillagan er hér með send borgarráði.





Fyrri samþykkt velferðarráðs, frá 10. febrúar 2026, um heimild til að ganga til samninga við Krydd og Kavía, til 24 mánaða, er jafnframt afturkölluð.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um útboð á framleiðslu máltíða, lögð fram á fundi velferðarráðs 4. mars 2026.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Útboð á framleiðslu máltíða

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að hefja útboðsferli á kaupum á um 1000 máltíðum, þ.e. um 400 skömmtum af hraðkældum pökkuðum mat til heimsendingar og um 600 heitum máltíðum á dag til íbúa í þjónustuíbúðum og gesta félagsmiðstöðva velferðarsviðs á meðan á endurbótum á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi stendur. Gert er ráð fyrir samningi við þriðja aðila í 22 mánuði. Áætlað er að heildarkostnaður samnings verði um 1.485 m.kr. Þar af eru 742 m.kr. ekki innan fjárheimilda. Sú upphæð dreifist með þeim hætti innan samningstímans að 338 m.kr. eru vegna 10 mánaða á árinu 2026, 335 m.kr. vegna ársins 2027 og 67 m.kr. vegna fyrstu tveggja mánaða ársins 2028.

Jafnframt er lagt til að fyrri samþykkt velferðarráðs um heimild til að ganga til samninga við Krydd og Kavíar, til 24 mánaða, frá 10. febrúar 2026 verði afturkölluð.

Greinargerð:

Þann 27. ágúst 2025 veitti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur nýtt starfsleyfi fyrir starfsemi framleiðslueldhúss velferðarsviðs í 9 mánuði eða til 27. maí 2026 á þeim forsendum að gerðar yrðu lágmarks viðhaldsframkvæmdir til að tryggja matvælaöryggi þangað til flutt yrði í nýtt húsnæði. Jafnframt var tekið fram að starfsleyfi yrði ekki veitt aftur fyrir óbreytta starfsemi á Vitatorgi.

Á fundi velferðarráðs þann 21. janúar 2026 og á fundi borgarráðs þann 29. janúar 2026 var samþykkt tillaga um endurbætur á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi. Jafnframt var samþykkt að fá þriðja aðila til þess að framleiða mat til heimsendingar og í móttökueldhús þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva á meðan á framkvæmdum á Vitatorgi stendur. Samkvæmt tímaáætlun umhverfis- og skipulagssviðs er áætlað að undirbúningur og hönnun taki 6 mánuði og framkvæmdir 8-12 mánuði.

Framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi var síðan lokað í skyndi þann 2. febrúar 2026 eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* greindist í rófusalati sem borið hafði verið fram í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum velferðarsviðs þann 27. janúar 2026. Sem neyðarráðstöfun voru á tímabilinu 2. febrúar - 2. mars 2026 sendir aðkeyptir tilbúnir réttir í heimahús og til íbúa í þjónustuíbúðum. Ekki var hægt bjóða upp á heitan mat á félagsmiðstöðvum.

Með vísan til þessa óvænta neyðarástands sem skapaðist þegar loka þurfti eldhúsinu fyrir en áætlað hafði verið, þurfti strax að bregðast við þeirri stöðu sem upp var komin, til þess að tryggja að Reykjavíkurborg standi við lögboðnar skyldur sínar. Tímabundin



ráðstöfun var gerð með samningi við fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. til tveggja mánaða frá 2. mars 2026 til 30. apríl 2026 um framleiðslu máltíða. Fjárhæð samnings nemur allt að kr. 108.787.500 sem er undir útboðsskyldu.

Í ljósi þessara óvæntu aðstæðna hafði á fundi velferðaráðs þann 10. febrúar 2026 verið samþykkt tillaga um að heimila velferðarsviði að gera 2 ára samning við fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. um kaup á um 1000 máltíðum á dag þ.e. um 400 skömmtum af hraðkældum pökkuðum mat til heimsendingar og um 600 heitum máltíðum til íbúa í þjónustuíbúðum og gesta í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs.

Þegar samþykkt velferðarráðs lá fyrir, kom hins vegar í ljós við nánari athugun að þrátt fyrir að matarþjónusta velferðarsviðs sé veitt á grundvelli skýrrar lagaskyldu sveitarfélags samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra, og skýrt er að samningur um framleiðslu máltíða fellur undir félagslega þjónustu í skilningi 1. og 2. mgr. 92. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, þá er um að ræða þjónustusamning gegn endurgjaldi sem telst vera af efnahagslegum toga og fellur því undir ákvæði 92. gr. laganna. Með hliðsjón af áætluðu verðmæti hans, sem er umfram viðmiðunarfjárhæð vegna félagslegrar þjónustu, er hann því metinn útboðsskyldur.

Til þess að tryggja örugga og samfellda matarþjónustu í samræmi við þá lagaskyldu sem hvílir á Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að leysa vanda matarþjónustunnar sem er tilkominn vegna skyndilegrar lokunar á eldhúsinu. Þar sem ekki fæst starfsleyfi fyrir framleiðslu máltíða fyrr en gagnngerar endurbætur hafa verið gerðar á Vitatorgi þarf að hefja útboðsferli á framleiðslu matar tafarlaust.

Heildarkostnaður samnings í 22 mánuði er áætlaður um 1.485 m.kr. en þar af eru 742 m.kr. ekki innan fjárheimilda. Sú upphæð dreifist með þeim hætti innan samningstímans að 338 m.kr. eru vegna 10 mánaða á árinu 2026, 335 m.kr. vegna ársins 2027 og 67 m.kr. vegna fyrstu tveggja mánaða ársins 2028.

